



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Hagaborg

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
Virðing – Vinátta - Hugrekki	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	4
3 Innra mat deilda	8
3.1 Innra mat Fuglalands	8
3.2 Innra mat Fiska – og Putalands.....	9
3.3 Innra mat Kríla- og Álfalands	10
4 Innra mat sérkennslu.....	11
5 Innra mat – fjöltyngd börn	12
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	13
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	14
8 Foreldrasamvinna	14
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	15
10 Fylgigögn.....	15
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	15



Leiðarljós leikskólans

Virðing – Vinátta - Hugrekki

1 Greinargerð leikskólastjóra

Það þarf varla að taka fram að skólaárið 2020 – 2021 var óvenjulegt fyrir allt skólastarf á Íslandi og víðar. Covid-19 hafði gífurleg áhrif á marga þætti í starfinu og má þar helst nefna samskipti og samstarf á milli hópa. Það er á milli foreldra og leikskólans, á milli starfsfólks innan leikskólans, á milli foreldrahópsins og innan barnahópsins. T.d. voru foreldraviðtöl á haustönn í gegnum fjarfundarbúnað, sem er nýjung í foreldrasamskiptum.

Heimsfaraldurinn hafði þau áhrif að faglegt starf var öðruvísi í sniðum en áður hafði verið, en allt samstarf varð erfiðara og deildir unnu að mestu leyti hver í sínu horni. Sem þýðir þó ekki að fagstarfið hafi ekki verið til fyrirmyndar, eins og alltaf í Hagaborg. Á meðal þess sem við gerðum voru árlegir smiðjudagar þar sem börnin völdu sér smiður sem starfsfólk leikskólans sá um að skipuleggja og framkvæma. Við vorum með smiðjudag í tengslum við Dag leikskólans og á vorönn tókum við hugtakið skrefinu lengra og héldum Hugrekkisleika, í tengslum við gildi leikskólans. Þá bjuggum við til þrautabrautir á útsvæðinu sem reyndi á hugrekki hvers og eins. Á hverjum föstudegi voru öðruvísi dagar en þá kusu börnin um mismunandi þemu til að hafa á deginum. Það var misjafnt hvað varð fyrir valinu en t.d. hattadagur, bókadagur og vasaljósdagur.

Framkvæmdir í leikskólanum hafa verið töluverðar á liðnum árum og í ár var komið að endurbyggingu á lóðarskúr. Hann var kominn til ára sinna og ytri byrði hans í slæmu ástandi. Skipulagi hans var breytt og hann klæddur upp á nýtt. Sem var mikil búbot fyrir Hagaborg.

Við héldum upp á 60 ára afmæli leikskólans 14. nóvember. En vikuna á undan vorum við þemaverkefnið: Hagaborg, á öllum deildum leikskólans. Vegna sóttvarnareglna gátum við ekki boðið til veislu en gerðum okkur glaðan dag föstudaginn 13. nóvember með börnum og starfsfólki. Þar var meðal annars frumflutt lag sem börnin í Hagaborg sömdu með Dísu tónlistarkennara. En tónlistarverkefni Dísu er hluti af innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur í Hagaborg.

Tvö stór verkefni, fyrir utan heimsfaraldur, voru fyrirferðarmikil á þessu skólaári. Í síðustu kjarasamningum var samið um aukna undirbúningstíma og styttri vinnuviku. Þetta stóra skref í átt að bættum vinnuaðstæðum í leikskóla og aukinni fagmennsku er mikilvægt og þarft. En það mun taka tíma að fínþússa skipulag í kringum þessi stóru verkefni. Við teljum okkur vera á réttri leið og fögnum vel og innilega þessum breytingum.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Námskrá leikskólans – Yfirmarkmið	Á starfsdegi. Tvær deildir saman í umræðum.	Starfsfólk leikskólans.	Allir ánægðir með yfirmarkmiðin og vilja halda þeim óbreyttum. Mættu vera sýnilegri.
Námskrá leikskólans – Gildi leikskólans	Sama og að ofan	Starfsfólk leikskólans.	Mætti nota þau meira í daglegu starfi. Lengja þemavikur tengd gildum. Nota fyrstu viku skólaársins til að ræða gildin.
Námskrá leikskólans – Læsi og samskipti	Sama og að ofan	Starfsfólk leikskólans.	Endurskoða Orðaspjall þar sem við notum það lítið í starfinu.
Námskrá leikskólans – Heilbrigði og vellíðan	Sama og að ofan	Starfsfólk leikskólans.	Endurskrifa kaflann. Margt breyst síðan það hann var skrifaður.
Námskrá leikskólans – Sköpun og menning	Sama og að ofan	Starfsfólk leikskólans.	Mjög vel staðið að þessum þætti.
Námskrá leikskólans – Sjálfbærni og vísindi	Sama og að ofan	Starfsfólk leikskólans.	þarf að endurskoða vísindabáttinn.
Námskrá leikskólans – Stoðþjónusta	Sama og að ofan	Starfsfólk leikskólans.	Mjög vel staðið að þessum þætti.
Námskrá leikskólans – Matsáætlun leikskólans	Sama og að ofan	Starfsfólk leikskólans.	þarf að endurskrifa til næstu þriggja ára.



Starfsmannahandbók	Sama og að ofan	Starfsfólk leikskólans.	Ákveðnir kaflar sem þarf að endurskrifa.
Stytting vinnuviku	Sama og að ofan	Starfsfólk leikskólans.	Verkefnið í heildina gengið vel.

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Viðhorfskönnun foreldra	Viðhorfskönnun á netinu.	Foreldrar í Hagaborg.	Á heildina litið var ánægja með starfið í Hagaborg en svör við opnum spurningum voru heldur neikvæð.
Viðhorfskönnun starfsmanna	Viðhorfskönnun á netinu.	Starfsfólk í Hagaborg.	Lítill breyting á milli ára. Almenn ánægja í flestum þáttum.



Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Móttaka nýrra starfsmanna	Bæta móttöku nýrra starfsmanna	Að fylgja stefnu Rvk. við móttöku nýrra starfsmanna	Stjórn- enda- teymi.	Ágúst 2021	Maí 2022	Niðurstöður úr viðhorfskönnun starfsmanna 2022.	Að meðalskor í viðhorfskönnun verði hærra árið 2022 en 2021 í þessum þætti.
Niðurröðun barna á deildir	Að kynna betur verkferli varðandi flutning barna á milli deilda fyrir foreldrum.	Kynna ferilinn á foreldrakynningum að hausti.	Stjórn- enda- teymi.	Ágúst 2021	Október 2022	Endurmat á starfsdegi 28. mars.	Hvernig hefur gengið að færa börn á milli deilda á skólaárinu.
Fræðsla og þjálfun	Að starfs- fólk fái tækifæri til að sækja námskeið og fræðslu.	Að hvetja starfsfólk til að sækja námskeið og hlusta á þarfir hópsins fyrir fræðslu á starfsdögum.	Stjórn- enda- teymi.	Ágúst 2021	Maí 2022	Niðurstöður úr viðhorfskönnun starfsmanna 2022.	Að meðalskor í viðhorfskönnun verði hærra árið 2022 en 2021 í þessum þætti.
Uppeldis- og menntastarf							
Sjálfbærni og vísindi	Að staðsetja leikskólann betur innan þessa náms sviðs	Stjórnendateymi skoðar leiðir til að innleiða þennan þátt inn í starfið.	Stjórn- enda- teymi.	Ágúst 2021	Maí 2022	Endurmat á starfsdegi 28. mars.	Skoðum hvaða þætti við höfum náð að innleiða.



Mannauður/ Leikskólabragur							
Starfsmannahandbók	Að endurskrifa kafla í handbókinni	Uppfæra handbókina miðað við innra mat síðasta skólaárs	Leikskóla- stjóri	Ágúst 2021	September 2021	Umræðum á fundum stjórnendateymis	Metum hvort að hópurinn sé ánægður með uppfærsluna
Yfirmarkmið í námskrá	Að gera yfirmarkmiðið sýnilegri	Prenta út markmiðin og hengja upp á veggjum. Setja á heimasíðu og fleira	Stjórnendateymi.	Ágúst 2021	Desember 2021	Umræðum á fundum stjórnendateymis	Metum hvort að hópurinn sé ánægður með afraksturinn
Innra mat							
Námskrá	Að endurskrifa hluta af námskránni	Endurskrifa þá kafla sem þarf að uppfæra miðað við endurmat síðasta skólaárs	Leikskóla- stjóri	Ágúst 2021	September 2021	Umræðum á fundum stjórnendateymis og deildarfundum	Metum hvort að hópurinn sé ánægður með afraksturinn
Matsáætlun	Að útbúa nýja matsáætlun fyrir leikskólann til næstu 3 ára	Útbúa nýja matsáætlun út frá endurmati síðasta skólaárs	Leikskóla- stjóri	Ágúst 2021	September 2021	Umræðum á fundum stjórnendateymis og deildarfundum	Metum hvort að hópurinn sé ánægður með afraksturinn



3 Innra mat deilda

3.1 Innra mat Fuglalands

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Hreyfing í sal og útiveru	Að þróa nánar kennsluáætlun síðasta vetrar	Aðgerðir felast í að vinna með endurnýjaða kennsluáætlun (LAL) síðasta vetrar í sal og útiveru	Deildar- stjórar	Sept.	Lok maí	könnun og söfnun á gögnum	Við endurmat á næsta skólaári verða gögn skoðuð og metið hvernig til tókst
Málrækt	Við endurmat á þessum vetri kom í ljós að gerðar höfðu verið breytingar í málrækt sem áhugi er á að þróa nánar og verða settar inn í kennsluáætlun næsta vetrar	Aðgerðir verða m.a. í breyttu formi á framsögn og markvissari aukningu í milli orðaforða	Deildar- stjórar	Sept.	Lok maí	Könnun og söfnun á gögnum	Við endurmat á næsta skólaári verða gögn skoðuð og metið hvernig til tókst

3.2 Innra mat Fiska – og Putalands

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Heilbrigði og velferð	Heilbrigðan lífstíl.	Könnunaraðferð (þema líkaminn í hópastarfi) .	Deildarstjóri/ Allt starfsfólk á deildinni	Ágúst 2021	Maí 2022	Deildarfundum og á starfsdögum. Við notum öll tækifæri og öll efni í hópastarfi, stuðlum hreyfingu mikið á LAL verkefni og úti , notum sal . Tölum saman um samskipti , notum vináttu verkefni i samverustund.	Hvern dag sjáum við hversu mikið börnin hafa breyst í leikjum inni og úti. Samskipti barna hafa breyst, þau geta sagt frá þörfum þeirra og leika saman, skiptast á.
Umgengni	Almennar hegðunarreglur	Umræður sameiginlegar reglur. Minnum á innireglur og útireglur i samverustund , matarborð, frjálsleik.	Deildarstjóri/allt starfsfólk á deildinni	Ágúst 2021	Maí 2022	Deildarfundum og á starfsdögum. Við erum að hvetja krakkana til þess að ganga frá leikföngum eftir sig, að henda rusli í ruslið. Við erum að kenna krökkunum sjálfstætt að hafa hreint í kringum sig. Við minnum á að sandurinn sé í sandkassanum.	Í daglegu lífi getum við séð hvernig börnin muna eftir reglunum og fylgja reglunum. Spyrja spurninga og spjalla saman.

Samskipti við börnin	Samskipti , fyrirbyggja einelti	Að starfsmenn hafi það alltaf í huga að tala við börnum að virðingu og kenni börnunum rétt samskipti.	Deildarstjóri/allt starfsfólk á deildinni	Ágúst 2021	Maí 2022	Deildarfundum og á starfsdögum. Við lesum bækur, við segjum stuttar sögur, og erum fyrirmyndir fyrir börnin. Við minnum börnin alltaf á að allir séu mismunandi og enginn eins, og fögnum fjölbreytileikanum.	Við sjáum greinilega hvernig hegðun barna hefur breyst. Fleiri börn sýndu hugrekki og voru reiðubúnari til að verja vini sína ef þeim var strítt eða þeir lagðir í einelti.
----------------------	---------------------------------	---	---	------------	----------	---	---

3.3 Innra mat Kríla- og Álfalands

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samskipti við börnin	Að auka „ég skilaboð“	Hafa þau sýnileg og minna hvert annað á.	Allir bera ábyrgð og allir framkvæma.	Ágúst 2021	Janúar 2022	Rýnihópar á deildarfundum og á starfsdögum. Taka upp brot í daglegu starfi og skoða.	Hvernig börnin tala saman og samskipti á milli starfsmanna.
Gildi leikskólans, vinátta, virðing og hugrekki.	Gera gildi leikskólans meira sýnileg. Nota efnið um Blæ frá Barnaheill. Þar má finna öll gildi leikskólans.	Skipulagðar vinnustundir. Efni hvers stundar sem hentar barna-hópnum. Leggja áherslu á orðin, vinátta, virðing og hugrekki.	Einn starfsmaður á deild verður verkefnastjóri. Allir bera ábyrgð á að framfylgja efninu.	Ágúst 2021	Maí 2022	Rýnihópar á deildarfundum og starfsdögum. Taka upp brot í daglegu starfi og skoða.	Hvernig samskiptin eru á milli barnanna sem og samvinna þeirra.

4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Pau börn sem eru með skilgreinda stuðningsþörf eru með sína einstaklingsáætlun þar sem unnið er með þá þroskaþætti og færnimarkmið sem teymi barnsins telur þörf á. Kennsla barnsins fer ýmist fram í einstaklingskennslu utan deildar, kennslu í litlum hópum eða inni á deild. Stuðst er við færnimatslista, ABLLS-R, til þess að meta stöðu barnsins og velja næstu markmið í sérkennslu. Eins velur teymið markmið eftir þörfum barnsins og fjölskyldunnar hverju sinni. Börn með afmarkaðri stuðningsþörf, börn sem þurfa til dæmis málörvun, fá einnig sérkennslu, bæði í einstaklingskennslu og í litlum hópum.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	TRAS, HLJÓM-2, ABLLS-R, Íslenski Þroskalistinn, Smábarnalistinn. Einnig hafa sum börn farið í mat hjá sálfræðingi, talmeinafræðingi, iðju- og sjúkraþjálfara sem gefa skýrari mynd af stöðu barnsins og nýtast við að velja markmið í sérkennslu.
Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d. notuð aðkeypt námsgögn?	Við eigum fjölbreytt safn af námsgögnum, spilum og myndefni sem nýtist bæði í sérkennslu og inni á deild, bæði aðkeypt og heimatilbúin.

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skráningar	Samræma betur skráningar í sérkennslu	Að allir starfsmenn noti sömu gögn til skráninga og skrái dagleg störf á svipaðan hátt.	Allir starfsmenn sérkennslu	Haust 2021	Des 2021	Að samræmi sé milli skráninga	Að allir geti gengið að skráningum allra barnanna og skráð á sama hátt
Setja skýr viðmið um hvenær barn	Að velja viðmið með viðurkenndu		Sólveig sérkennslustjóri í samvinnu við	Haust 2021	Vor 2022	Fengu öll börn viðeigandi málörvun miðað	Að þau börn sem falla undir viðmið fái



fær málörvun há sérkennslu og hvenær inni á deild.	m matslistum		deildarstjóra og fulltrúa fjölmennningar í leikskólanum			við málþroskastöðu?	sérkennslu og þau börn sem eru yfir viðmiði en þurfa samt meiri málörvun fá það í deildarstarfin u

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Hluti fjármagnsins fer í laun vegna starfsmanns sem sinnir málörvun fjöltyngdra barna. Einnig eru keypt gögn fyrir leikskólann sem nýstast í allri málörvun.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Starfsmaður sérkennslu vinnur með ákveðinn orðflokk hverju sinni, t.d. með dýr í 3 vikur, mat í 3 vikur o.s.frv. Sumar deildir nýta sér Gefðu 10 með ákveðnum börnum en það má gjarnan vinna oft og markvissara með aðferðina.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Allar deildir eru með 3 samverustundir á dag. Þar er sungið og lesið og á morgnana er lagður inn orðaforði sem tengist veðri, fötum, vikudögum, mánuðum o.s.frv. allt eftir aldri barnanna á deildinni. Í Leikur að Læra er unnið markvisst með innlögð bókstafa, lita og forma gegnum leik og hreyfingu. Í Vináttuverkefninu er unnið markvisst með orðaforða tengdum tilfinningum og félagslegum samskiptum.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Þau börn sem mælast slök á TRAS matslistanum eða í HLJÓM-2 eru skoðuð sérstaklega. Flest þeirra fá málörvun í sérkennslu þar sem notaður er matslisti til að meta hvaða þáttum þau hafa náð og hvað þarf að vinna með.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	TRAS matslistinn og HLJÓM-2 mælir stöðu barnanna í þessum þáttum. Í deildarstarfinu er þess gætt að öll börn fái sitt pláss og að rödd þeirra heyrist.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skýrari viðmið um hvenær barn fær sérstaka málörvun (sjá að ofan)	Sama og að ofan.						
Gögn fyrir deildirnar	Útbúa gagnabanka sem deildarstjórar og aðrir starfsmenn geta nýtt í málörvun	Dísa útbýr gögn eins og þau sem hún hefur verið að nota svo að deildirnar geti nýtt þau í samverustundum. Þetta eru t.d. myndir með sönglögum og fleira.	Dísa	Haut 2021	Vor 2022	Að allar deildir séu komnar með gott úrval gagna sem nýtast þeirra barnahópi í starfinu.	Að starfsmenn deildanna þekki og noti gögnin

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl hafa farið fram í febrúar og mars á hverju skólaári. Leikskólastjóri sér um samtölin sem fara fram á skrifstofu leikskólastjóra.

Út frá starfsþróunarsamtölum var ákveðið að bjóða upp á skyndihjálparnámskeið og námskeið í listsköpun á komandi skólaári.

Út frá endurmati verður skoðað með hvaða hætti er hægt að bjóða upp á fræðslu er varðar námsvið leikskóla og þá sérstaklega þáttinn sjálfbærni og vísindi.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarfsáætlun leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva er sem hér segir:

Heimsóknir skólahóps í Melaskóla er þrisvar yfir skólaárið.

- Heimsókn á bókasafn í október.
- Heimsókn í íþróttatíma í janúar.
- Heimsókn í umsjónarkennslu í heimastofu 1. bekkjar í apríl.

Heimsókn í Selið í Melaskóla hefur verið sem hér segir:

- Heimsókn í Selið í Melaskóla í apríl.

Samstarf við Hagaskóla:

- Heimsókn nemenda úr Hagaskóla á Degi íslenskrar tungu til að lesa fyrir börnin.
- Nemendur í atvinnutengdu námi hafa unnið í Hagaborg frá Hagaskóla á liðnum árum.

Ábótavant hefur verið að formfesta skil á milli skólastiga á milli leikskóla í hverfinu og Melaskóla. Sú vinna var komin vel á veg en datt alveg niður áður en verkefnið var klárað. Stefnt er á að klára verkið á komandi skólaári.

8 Foreldrasamvinna

Foreldrasamstarf var sem áður sagði óvenjulegt á síðasta skólaári en þrátt fyrir það var foreldrafélagið mjög virkt í leikskólanum. Þau studdu vel við bakið á okkur við ýmis tilefni, svo sem jólaballið, sumarhátíð og heimsókn krakkahesta í vor.

- Foreldrafélag samanstendur af fjórum foreldrum og hvetjum við alla foreldra til að taka þátt á foreldrakynningum í september.

Foreldraráðið hefur séð um yfirlestur á helstu skjöl er varðar skólastarfið í Hagaborg, s.s. starfsáætlun, leikskóladagatal og starfsdaga skólaársins.

- Þrír foreldrar eru í foreldraráði og kosið er í september um nýja fulltrúa í ráðinu.

Foreldraviðtöl



- Þau fara fram tvisvar á skólaárinu. Á haustönn fara þau fram um mánaðarmótin október/nóvember. Á vorönn fara þau fram í apríl.

Foreldrafundir

- Í september fara fram foreldrakynningar í sal skólans. Þá er foreldrum hvernar deildar boðið að koma kl. 8:30 og sitja kynningu frá leikskólastjóra, deildarstjóra og sérkennslustjóra.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar verða sem hér segir:

3.9.2021 – Undirbúningur fyrir skólaárið/ Fræðsla í listsköpun

25.10.2021 – Undirbúningur fyrir foreldraviðtöl/ Skyndihjálparnámskeið

7.2.2022 - Leikskólaráðstefna

14.3.2022 - Endurmat

25.5.2022 - Námsferð

27.5.2022 – Námsferð

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Hagaborgar

Ólafur Bjarkason
Leikskólastjóri

6.7.2021
Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022

Hagaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Guðrún Ása Björnsdóttir

Katelin Parsons

Steinþór Steingrímsson



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



Umsögn foreldraráðs:

Annað krefjandi ár er að baki en starfsfólk leikskólans hefur unnið frábært starf og á skilið stórt hrós. Starfið hefur virkilega verið til fyrirmyndar þrátt fyrir miklar takmarkanir. Upplýsingaflæðið til foreldra er mjög gott og almennt er jákvætt og uppbyggjandi viðmót við alla. Starfsfólkinu er umhugað um líðan barnanna og reynt er að leysa mál sem kunna að koma upp á uppbyggjandi hátt, t.d. skemmtilega átakið á Fiskalandi um að það séu ekki til fót sem eru bara fyrir stráka eða stelpur.

Uppbyggingar á útisvæðinu voru tímabærar og hafa skilað sér. Það skiptir miklu máli fyrir krakkana að leika í grænu og aðlaðandi en jafnframt öruggu umhverfi. Starfsfólkið leggur sitt af mörkum til að gera útivist spennandi.

Eitthvað hefur verið um skjánotkun á deildum og spurning hvort það ætti ekki að lámarka algjörlega notkun skjáa í þeim tilgangi að sýna krökkunum afþreyingarefni og ekki síst í ljósi þarfar fyrir málörvun í samverustundum. Það að sýna teiknimyndir í samverustundum er ekki í sjálfu sér hræðilegt en spurning hvort samverustundir séu rétti vettvangurinn fyrir skjátíma. Vaxandi hópur barna er fjöltyngdur og leikskólinn getur verið eini staðurinn sem sum börn fá að tjá sig á íslensku. Ung börn hafa yfirleitt takmarkaða þolinmæði fyrir að sitja lengi og það að sitja kyrrt og passíft og horfa á talsetta þætti er alls ekki það sama og að nota þennan tíma í virk samskipti. Það væri frábært að kenna börnum öðrum og virkari leiðum að skemmta sér saman – og ekki gott ef þau fara að tengja saman skjátíma og umbun/verðlaun í huganum.

Gott væri líka að huga að því að byrja að kenna krökkum í eldri deildunum stafrænt læsi, t.d. hvernig hið stafræna virkar, hvernig er hægt að nota hið stafræna á jákvæðan og öruggan hátt og hvernig hið stafræna getur haft áhrif á líðan okkar og tilfinningar. T.d. er frábært að sumir kennarar hafa sett efni eftir sig á YouTube fyrir krakkana að eigin frumkvæði og virkilega gaman að heyra Tryggva syngja lögin sem krakkarnir syngja saman á Hagaborg. Strax í grunnskólanum fer svo margt að snúast um stafræn samskipti hjá krökkum og gott að byrja að kynna hvað eru heilbrigð mörk í þeim samskiptum í afslöppuðu og jákvæðu umhverfi.

Það er okkar upplifun að börn fá að njóta sín á leikskólanum og fá þann stuðning sem þau þurfa. Sérkennsludeildin á leikskólanum er mjög öflug og þarna fer fram gott starf og samskipti við foreldra eru góð.



Það að bíða með markvissa málörvun fjöltyngdra barna þangað til að þau mælast hreinlega slök getur mögulega haft áhrif á sjálfsímynd, myndun félagstengsla og getu til þátttöku. Mikilvægt er að hafa þann möguleika að taka tillit til líðan barnsins og hvers það óskar þegar kemur að málörvun eða öðrum stuðningsþörfum. Barnið er sérfræðingurinn um sjálfan sig. Mikilvægt er líka að vera í góðum samskiptum við foreldra fjöltyngdra barna og kanna m.a. hvernig þeir upplifa framfarir barnsins í öðrum tungumálum en íslensku, t.d. ef þeir hafa áhyggjur af þróuninni getur verið ástæða til þess að grípa fyrir inn.

Starfsfólk sérkennsludeildar er mjög jákvætt gagnvart börnum sem fá kennslu hjá þeim og meðvitað um þörfina fyrir börnin til að byggja upp sína styrkleika og áhugamál og sjá sig á jákvæðan hátt. Í þessu umhverfi hafa börnin gott rými til að taka framfarir. Langir biðlistar eru hins vegar þrándur í götu allra og óásættanlega flókið og erfitt getur reynst fyrir starfsfólk og foreldra að fá innlegg frá sérmenntuðum aðilum utan leikskólans og ekki síst á faraldurstímum. Þannig vantar stundum heildarmynd um stuðningsþarfir en reynsla og innsæi starfsmanna á sérkennsludeildinni skiptir miklu máli í að koma til móts við þetta. Ekki er hér um að ræða skort innan leikskólans heldur landlægt vandamál þegar kemur að sérkennslu.

Tölvupóstar frá leikskólanum til foreldra koma nú alltaf á íslensku og ensku sem er jákvætt skref í að tryggja að allir foreldrar fái þær upplýsingar sem þeir þurfa og geta verið virkir í foreldrasamstarfi. Notkun Sway hentar vel í að deila myndum og frásögnum af deildarstarfinu sem skiptir miklu mál þegar foreldrar geta takmarkað verið á deildunum. Spurning hvort myndirnar verða aðgengilegar milli ára eða hvort við þurfum áminningu um að sækja uppáhaldsmyndirnar okkar fyrir ákveðinn tíma?

Gott er að muna að auglýsa með góðum fyrirvara ef krakkar þurfa að taka t.d. vasaljós eða bangsa í skóla eða mæta fyrir ákveðinn tíma svo að allir fái örugglega skilaboðin í tæka tíð. Það er frábært að krakkarnir fá að kjósa um öðruvísi daga á föstudögum en auðvitað skiptir líka máli að velja þema sem allir geta tekið þátt í.

Vefsíða Hagaborgar er komin til ára sinna (ef svo má segja!) og hlekkir ekki alltaf virkir. T.d. þegar smellt er á „Matseðill“ vísar hlekkurinn á „<https://hagaborg.is/leikskolinn/deildir/krilakot>“ sem er ekki lengur til, Fuglaland er „<https://hagaborg.is/leikskolinn/deildir/huldukot>“, o.s.frv. Það mikilvægasta fyrir foreldra er að finna réttar upplýsingar um nöfn kennara, símanúmer, almennt starfsemi o.s.frv. Í stað þess að birta föstudagspistla á forsiðunni (sem úreldast fljótt og hafa óskýran tilgang þar sem foreldrar fá pistlana frá sínum deildum beint) væri sniðugt að hanna fasta forsiðu sem þarf ekki að uppfæra reglulega og leggja frekar áherslu á að halda upplýsingum um deildir og kennara

réttum. Spurning hvort það ætti ekki að einfalda vefsíðu Hagaborgar og taka út alla óvirka hlekki og ónotaðar undirsíður, t.d. matseðill. Þetta er ákveðið vinnuáttak sem myndi gera vefsíðuna gagnlegri fyrir foreldra og fleiri

Heimsfaraldurinn setur mark sitt á skólastarf og nú þegar bráðsmitandi delta-afbrigðið er svo sannarlega mætt til landsins er spurning að hvaða leyti þarf að endurskoða fyrirkomulagið. Nú er því miður ljóst að jafnvel fullbólusett og einkennalaust fólk getur borið óafvitandi smit inn í leikskólann og eins verður yngra fólk veikara. Börnin verða líklega ekki verið bólusett á næstunni og hópsmit gæti komið upp á leikskólanum. Faraldurinn verður áfram verkefni fyrir leikskólann á komandi starfsári og mikilvægt er að byggja upp góð tengsl og traust við foreldra um leið og öryggi starfsfólks og barna er tryggt. Einstaklingar með undirliggjandi áhættuþætti þurfa að geta passað sig og því væri gott að bjóða upp á þann möguleika að halda fjarfundi/fjarkynningar fyrir þá foreldra sem ekki geta mætt í leikskóla. Gæti líka verið hentug lausn fyrir suma foreldra sem geta ekki auðveldlega skroppið frá vinnustaðnum eða vinna langt frá leikskólanum.

Spurning líka hvort það ætti ekki þegar að færa foreldrakynningar í september yfir á rafrænt eða blandað (hybrid) form frekar en að halda því til streitu að hittast saman í hópum í sal. Aðstæður fólks eru misjafnt en flestir foreldrar eru orðnir vanir fjarfundum og foreldrar með undirliggjandi sjúkdóma treysta sér ekki endilega að mæta á hópfund. Líka gæti gagnast að hafa varaáætlun fyrir leikskóladagatalið ef námsferðin (erlendis?) skyldi falla aftur niður og það þarf að breyta dagsetningum á skipulagsdögum. Verra er að þurfa að bregðast við nýju fyrirkomulagi á síðustu stundu, endurskipuleggja pössun o.s.frv. Erendis er ekki heldur alls staðar endilega mikil þátttaka í bólusetningum og meta ætti áhættuna af því að bera smit inn í leikskólann á meðan börnin eru óbólusett. T.d. hvort ef farið er erlendis yfir skólaárið ættu starfsfólk og börn ekki að mæta fyrr en þau fá neikvætt próf eftir komuna.

Því miður hefur sárafallt komið frá yfirvöldum um stöðu leikskóla annað en að þeir kennarar sem fengu Janssen eru hugsanlega ekki með nógu góða vörn og þurfa örvunarskammt af bóluefni. Kennarar eru í rauninni framlínufólk og mikilvægt er að þeim sé ekki þrýst að vera í aðstæðum sem ganga nærri heilsu þeirra eða að þeim finnst óþægilegt.



ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1 S		1 M		1 F		1 M		1 M	Fullveldisdagurinn	1 L	Nýársdagur	1 Þ		1 Þ	Sprengidagur	1 F		1 S	Verkalyösdagurinn	1 M	
2 M	Fridagur verslunamanna	2 F		2 L		2 Þ		2 F		2 S		2 M		2 M	Öskudagur	2 L		2 M		2 F	Sumarhátíð
3 Þ		3 F	Starfsdagur	3 S		3 M		3 F		3 M		3 F		3 F		3 S		3 Þ		3 F	
4 M		4 L		4 M		4 F		4 L		4 Þ		4 F		4 F		4 M		4 M		4 L	
5 F		5 S		5 Þ		5 F		5 S		5 M		5 L		5 L		5 Þ	Barnamenningarhátíð	5 F		5 S	Hvítasunnudagur
6 F		6 M	Aðlögun barna #2	6 M		6 L		6 M		6 F	Prettándinn	6 S	Dagur leikskólans	6 S		6 M	Barnamenningarhátíð	6 F	Hreinsunardagur	6 M	Annar í Hvítasunnu
7 L		7 Þ		7 F		7 S	Vínavika í Hagaborg	7 Þ		7 F		7 M	Starfsdagur	7 M		7 F	Barnamenningarhátíð	7 L		7 Þ	Sumarstarf hefst
8 S		8 M	Dagur læsis	8 F		8 M	Baráttudagur gegn einelti	8 M		8 L		8 Þ		8 Þ		8 F	Barnamenningarhátíð	8 S	Mæðradagurinn	8 M	
9 M		9 F		9 L		9 Þ		9 F		9 S		9 M		9 M		9 L	Barnamenningarhátíð	9 M		9 F	
10 Þ		10 F		10 S		10 M		10 F		10 M		10 F		10 F		10 S	Barnamenningarhátíð Pálmasunnudagur	10 Þ		10 F	
11 M		11 L		11 M		11 F		11 L		11 Þ		11 F		11 F		11 M		11 M		11 L	
12 F		12 S		12 Þ	Smiðjudagur	12 F		12 S		12 M		12 L		12 L		12 Þ		12 F		12 S	Sjómennadagurinn
13 F		13 M		13 M		13 L		13 M		13 F		13 S		13 S		13 M		13 F		13 M	
14 L		14 Þ		14 F		14 S		14 Þ		14 F		14 M		14 M	Þemavika um gildi	14 F	Skírdagur	14 L		14 Þ	
15 S		15 M		15 F		15 M		15 M		15 L		15 Þ		15 Þ		15 F	Föstudagurinn langi	15 S		15 M	
16 M	Aðlögun á milli deilda	16 F	Dagur íslenskrar náttúru	16 L		16 Þ	Dagur íslenskrar tungu	16 F	Jólaball foreldrafélags	16 S		16 M		16 M	Smiðjudagur	16 L		16 M	Útskriftarferð	16 F	
17 Þ		17 F		17 S		17 M		17 F		17 M		17 F		17 F		17 S	Páskadagur	17 Þ		17 F	Lýðveldisdagurinn
18 M		18 L		18 M		18 F		18 L		18 Þ		18 F		18 F		18 M	Annar í páskum	18 M		18 L	
19 F		19 S		19 Þ		19 F		19 S		19 M		19 L		19 L		19 Þ		19 F	Útskrift	19 S	
20 F		20 M	Þemavika um gildi	20 M		20 L	Dagur mannréttinda barna	20 M		20 F		20 S	Konudagur	20 S		20 M		20 F		20 M	
21 L		21 Þ		21 F		21 S		21 Þ		21 F	Fjölskyldukaffi	21 M	Fjölskyldukaffi	21 M		21 F	Sumardagurinn fyrsti	21 L		21 Þ	
22 S		22 M		22 F	Vetrarleyfi grunnskóla	22 M		22 M		22 L		22 Þ		22 Þ		22 F		22 S		22 M	
23 M	Aðlögun nýrra barna	23 F		23 L	Fyrsti vetrardagur	23 Þ		23 F	Þorláksmessa	23 S		23 M		23 M		23 L		23 M		23 F	
24 Þ		24 F		24 S		24 M		24 F	Aðfangadagur jóla	24 M		24 F		24 F		24 S		24 Þ		24 F	
25 M		25 L		25 M	Starfsdagur	25 F		25 L	Jóladagur	25 Þ		25 F		25 F		25 M		25 M	Starfsdagur	25 L	
26 F		26 S	Evrópski tungumáladagurinn	26 Þ	Vetrarleyfi grunnskóla	26 F		26 S	Annar í jólum	26 M		26 L		26 L		26 Þ		26 F	Uppstigningardagur	26 S	
27 F		27 M	Foreldrakynningar	27 M	Alþjóðlegi bangsadagurinn	27 L		27 M		27 F		27 S		27 S		27 M		27 F	Starfsdagur	27 M	
28 L		28 Þ		28 F		28 S		28 Þ		28 F	Þorrlábið	28 M	Bolludagur	28 M	Starfsdagur	28 F		28 L		28 Þ	
29 S		29 M		29 F	Foreldravíðtöl	29 M		29 M		29 L				29 Þ		29 F		29 S		29 M	
30 M		30 F		30 L		30 Þ		30 F		30 S				30 M		30 L		30 M		30 F	
31 Þ				31 S				31 F	Gamlársdagur	31 M				31 F				31 Þ			

Í reglum um leikskólabjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundarviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.